

T I L L A G A

til þingsályktunar um Víkurgarð í Reykjavík
(Lagt fyrir 56. kirkjubing 2017)

Flutt af Hreini Hákonarsyni
Frsm. Hreinn Hákonarson

Kirkjubing 2017 beinir þeim tilmælum til borgarstjórnar Reykjavíkur að sjá til þess að horfið verði frá fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum í hinum forna kirkjugarði Reykvíkinga, Víkurgarði.

Greinargerð

Í rúmt ár hafa talsverðar umræður farið fram í fjölmiðlum um örlög Víkurgarðs í Reykjavík (eða: Reykjavíkur Dómkirkjugarð) og fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir í honum.

Í ársbyrjun 2016 bárust almenningi ítarlegar fréttir um að fyrirtækið Icelandair Hotels hygðist reisa 160 herbergja hágæðahótel á svokölluðum Landsímareit við Austurvöll. Fram kom að höfuðinnangangur fyrirhugaðs hótels yrði um Fógetagarðinn við Aðalstræti og hann yrði aðalútivistarsvæði hótelsins og almenningsrými. Í frétt Morgunblaðsins 9. febrúar 2016 kom hvergi fram að Fógetagarðurinn sem einn viðmælenda blaðsins sagði með réttu vera „afar skjólgóðan“ væri í raun Víkurgarður, hinn forni kirkjugarður Reykvíkinga. (Sjá: *Austurvöllur mun breyta um svip/Kirkjustræti fær nýtt yfirbragð*, Morgunblaðið 9. febrúar 2016).

Allt frá því að umræður hófust um fyrirhugaða hótelbyggingu á Landsímareitnum árið 2013 hafa margir gert athugasemdir við framkvæmdina og skipulagið á viðkvæmum sögulegum stað í hjarta Reykjavíkur. Hótelið verður reist að hluta til ofan á elsta kirkjugarði Reykvíkinga sem líklega var tekinn í notkun sem greftrunarstaður fyrir kristnitöku en mannvistarleifar fundust í garðinum sem reyndust við greiningu vera frá 9. og 10. öld. Síðast var grafið í garðinum 1883 en hann var aflagður árið 1838. Ætla má að þrjátíu kynslóðir Reykvíkinga hvíli í garðinum.

Ýmsar framkvæmdir hafa verið í Víkirkirkjugarði frá byrjun átjándu aldar og allt fram á þennan dag. Grafarró hefur verið raskað hvað eftir annað og minjar teknar úr garðinum, þær rannsakaðar og fluttar á Þjóðminjasafnið. Til dæmis var fjölda grafa raskað þegar Landsímahúsið var reist á árunum 1964-1967 (sjá: *Virðing fyrir sögunni og staðreyndum*, Vala Garðarsdóttir, Morgunblaðið 22. ágúst 2017). Nú stendur til að rífa það hús, viðbygginguna fyrir framan gamla Landsímahúsið, og koma upp þess í stað stærra húsi (hóteli) með kjallara ofan í grafreitinn, til suðurs að Kirkjustræti. Eftir slíkri stækkun var leitað á sjöunda áratug síðustu aldar en ríkisstjórnin varð ekki við þeirri ósk og bannaði framkvæmdir. Það bann er enn í gildi. (sjá: *Fyrirverandi embættismenn sameinast gegn hóteli á grafreit*, Fréttablaðið 6. október 2017).

Borgaryfirvöld hafa fullyrt að búið væri að fjarlægja allar fornminjar úr garðinum en því hefur verið mótmælt (sjá: *Borgarstjóri leiðréttur*, Þórir Stephensen, Morgunblaðið 11. ágúst 2017). Stjórnandi fornleifarannsóknarinnar á Landsímareitnum, Vala Garðarsdóttir, sagði í Morgunblaðinu 12. ágúst s.l. að menjar úr heiðnum átrúnaði, frá 9. öld, hefðu verið fjarlægðar úr garðinum.

Árangurslaust hefur verið leitað eftir því við borgaryfirvöld að gangast fyrir því að friða Víkurgarð Skorað hefur verið á kirkjufirvöld að koma þessum gamla kirkjugarði til hjálpar (sjá: *Um gamla kirkjugarðinn*, Þór Magnússon, Morgunblaðið 20. júlí 2017). Biskup Íslands

lýsti stuðningi sínum við þennan málstað með þeim orðum að henni hrysi hugur við því að reisa ætti hús á jarðneskum leifum genginna kynslóða. (Sjá: *Við verðum að bæta okkur*, Agnes M. Sigurðardóttir, Morgunblaðið 21. september 2017).

Í athugasemdum sem bárust umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar fyrir 15. september s.l. kom m.a. fram að lagaheimildir skorti fyrir hótélbyggingunni og að dómkirkjusöfnuðurinn hefði aldrei afsalað sé forræði garðsins. Þá var og áréttað að ríkisstjórn Íslands hefði lagt bann við því árið 1966 að reist yrði hús í Víkurgarði og teldu menn að það bann væri enn í gildi.

Sóknarnefnd Dómkirkjunnar í Reykjavík hefur ritað borgaryfirvöldum vegna þessa máls og segir svo í bréfi hennar: „Sóknarnefndin lítur svo á að Víkurgarður sé í umsjá sóknarnefndar Dómkirkjunnar fyrir hönd kirkjunnar.“ Ennfremur er gerð sú krafa að ekki verði frekara rask á garðinum og honum komið í viðunandi ástand. (*Segja framkvæmdir ólöglegar*, Morgunblaðið 12. október 2017).

Loks má benda á lög um kirkjugarða en í 33. gr. þeirra, segir: „Niðurlagðan kirkjugarð má ekki nota til neins þess sem óviðeigandi er að dómi prófests (prófasta). Ekki má þar jarðrask gera né reisa nein mannvirki. Þó getur dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu, að fengnu samþykki skipulagsnefndar kirkjugarða.“ Af framansögðu er ljóst að lagagrein þessi hefur verið léttvæg fundin hjá borgaryfirvöldum.

Í ljósi þess sem nú hefur verið sagt telur flutningsmaður að kirkjuþing sem fer með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka láti í sér heyra og mótmæli fyrirhuguðum byggingaráformum á Landsímareitnum og skori á borgaryfirvöld að hlusta á raddir fólksins og virða grafarró, með því að stöðva byggingaframkvæmdir í „Reykjavíkur Dómkirkjugarði.“

Kostnaður við tillögu þessa er enginn.